



Fundargerð ársfundar AkureyrarAkademíunnar 20. maí 2020

Fundarsalur AkureyrarAkademíunnar, Sunnuhlíð 12, Akureyri, kl. 20:00-22:00

Eftirtaldir fulltrúar AkAk voru mættir á fundinn:

Aðalheiður Steingrímisdóttir
Bergljót Þrastardóttir
Martina Huhtamäki
Ólafur B. Thoroddsen
Sigurgeir Guðjónsson
Steinunn A. Ólafsdóttir
Valgerður Ósk Einarsdóttir
Pórhallur S. Bjarnason

Steinunn A. Ólafsdóttir formaður stjórnar AkAk bauð fulltrúa velkomna og setti fundinn. Formaður nefndi að Arndís Bergsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir gætu ekki mætt á fundinn og hefði Arndís Bergsdóttir veitt Pórhalli S. Bjarnasyni skriflegt umboð til að fara með atkvæðisrétt fyrir hennar hönd á fundinum og Valgerður S. Bjarnadóttir veitt Aðalheiði Steingrímisdóttur samskonar skriflegt umboð fyrir hennar hönd. Leitaði formaður eftir samþykki ársfundar á þessu sem fundurinn staðfesti.

Sigurgeir Guðjónsson var fundarstjóri og ritari var Bergljót Þrastardóttir. Fundarstjóri fór yfir dagskrá ársfundar og opnaði því næst fyrir framlagningu einstakra dagskrárliða og umræður um þá.

1. Skýrsla stjórnar

- a. Steinunn A. Ólafsdóttir, stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar 2019 -2020. (sbr. hjálögð skýrsla)

Í skýrslu stjórnar kom m.a. fram að stjórn og framkvæmdastjóri hefðu óskað eftir samræðum við Akureyrarbæ um samstarf aðila með tilvísun til samstarfssamnings Reykjavíkurborgar og ReykjavíkurAkademíunnar. Rætt var um samning Reykjavíkurborgar og ReykjavíkurAkademíunnar (RAK) en hann er bundinn við tiltekin verkefni sem RAK tekur að sér að sinna fyrir Borgina og fær fyrir það 2 m.kr. í styrk á ári. Fram kom í umræðum að nauðsynlegt væri að AkAk ætti viðræður við Akureyrarbæ um formlegt samstarf aðila því að fram undan væru samningaviðræður AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið um langtímasamning um fjármögnun og að ljóst væri að ráðuneytið myndi í þeim samræðum horfa til aðkomu Akureyrarbæjar að starfsemi AkAk með tilvísun til samstarfs Reykjavíkurborgar og RAK.

2. Endurskoðun reikninga

a. Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri fór yfir ársreikning AkAk fyrir árið 2019. Rekstrartekjur á árinu 2019 voru rúmlega 10 m.kr, rekstrargjöld 8,4 m.kr og rekstrarhagnaður 1,6 m.kr. Umræður voru um kostnað vegna vefsíðu AkAk og voru fulltrúar sammála um að eðlilegt væri að kanna kostnað vegna nettengingar og léns og jafnvel að skoða að leita eftir tilboðum til að freista þess að lækka kostnað vegna síðunnar.

3. Upptalning fulltrúa.

Fulltrúar eru þeir sem borga árgjald milli ársfunda AkAk. Aðalheiður Steingrímisdóttir framkvæmdastjóri las upp fulltrúa AkAk 2020-2021 en þeir eru samtals 32.

4. Kjör formanns og fulltrúaráðs.

a. Stjórn

Steinunn A. Ólafsdóttir var kjörin formaður, hún var ein í framboði til formanns. Ólafur B. Thoroddsen bauð sig aftur fram til embættis gjaldkera og Sigurgeir Guðjónsson bauð sig aftur fram til embættis ritara. Engin mótframboð komu fram og voru þeir endurkjörin.

b. Fulltrúaráð

Fundarstjóri las upp nöfn þeirra fulltrúa sem hafa boðið sig fram í fulltrúaráð en þær eru: Dr. Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Dr. Martina Huhtamäki og Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir. Engar athugasemdir komu fram og var fulltrúaráðið samþykkt í einu hljóði.

5. Fjárhagsáætlun og árgjald.

- a. Aðalheiður Steingrímisdóttir lagði fram rekstraráætlun AkAk 2020 og gerði grein fyrir einstökum liðum. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur verði 10,7 m.kr, rekstrargjöld 8,5 m.kr og rekstrarniðurstaða í lok ársins verði 1,1 m.kr. Vegna fyrirhugaðrar fyrirlestraraðar AkAk í haust á öldrunarheimilum bæjarins þarf að kanna hjá Menningarsjóði KEA og Samfélagssjóði Norðurorku hvort AkAk geti nýtt sér þá styrki sem þessir sjóðir úthlutuðu til AkAk í byrjun ársins 2019 vegna fyrirlestra á heimilunum um haustið það ár en sem AkAk tókst ekki að halda þá vegna ýmis konar breytinga í starfseminni. Rekstrarkostnaður vegna húsnæðis er hærri fyrir árið 2020 miðað við fyrri ár vegna kaupa AkAk á eigin húsnæði í Sunnuhlíð í byrjun ársins 2020. Launakostnaður hækkar einnig frá fyrra ári vegna fæðingarorlofs og lægra starfshlutfalls fyrri framkvæmdastjóra seinni hluta ársins 2019. Vaxtagjöld eru nýr liður í rekstraráætlun 2020 vegna bankaláns til að festa kaup á húsnæðinu. Umræður fóru fram um greiðslur af bankaláninu.
- b. Stjórn lagði til að árgjald fyrir starfsárið 2020-2021 væri óbreytt, kr. 1500, sem var samþykkt samhljóða.

6. Breytingar á skipulagsskrá.

Stjórn lagði til breytingar á skipulagsskrá AkAk en þær voru sendar til fulltrúa fyrir ársfund með lögbundnum fyrirvara. Breytingarnar varða fyrirsagnir á greinum, að greinar verði settar í samfellda/rökræna röð út frá innihaldi þeirra og einnig eru gerðar tillögur um breytingar á efni greina. Formaður fór yfir tillögur um breytingar og voru þær samþykktar samhljóða af öllum fundarmönnum.

Yfirlit yfir fyrri skipulagsskrá og nýrrar.

Röð greina, heiti og efni í fyrri skipulagsskrá.

Röð greina í nýrri skipulagsskrá, heiti og efni.

<p>1. gr. Sjálfseignarstofnun Sjálfseignarstofnunin heitir AkureyrarAkademían. Stofnunin er með sérstaka stjórn, stofnuð í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili og varnarþing er á Akureyri.</p>	<p>1. gr. Sjálfseignarstofnun Óbreytt röð, heiti og efni. Sjálfseignarstofnunin heitir AkureyrarAkademían. Stofnunin er með sérstaka stjórn, stofnuð í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili og varnarþing er á Akureyri.</p>
<p>2. gr. Stofnendur Stofnendur AkureyrarAkademíunnar eru þeir fræðimenn sem staddir voru á stofnfundi og undirrituðu fyrstu skipulagsskrá stofnunarinnar. Ennfremur þeir fræðimenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda höfðu þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrána með undirritun sinni. Nöfn þeirra eru: Arndís Bergsdóttir, kt: 050168-4259; Guðmundur Árnason, kt: 020353-5709; Jakob Þór Kristjánsson, kt: 180365-3039; Margrét Guðmundsdóttir, kt: 300759-3199; Sigurður Bergsteinsson, kt: 030156-4719; Sigurgeir Guðjónsson, kt: 280865-3979; Skafti Ingimarsson, kt: 221071-4849; Valgerður S. Bjarnadóttir, kt: 230182-3109; Þóra Pétursdóttir, kt: 260278-5929.</p>	<p>2. gr. Stofnendur Óbreytt röð, heiti og efni. Stofnendur AkureyrarAkademíunnar eru þeir fræðimenn sem staddir voru á stofnfundi og undirrituðu fyrstu skipulagsskrá stofnunarinnar. Ennfremur þeir fræðimenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda höfðu þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrána með undirritun sinni. Nöfn þeirra eru: Arndís Bergsdóttir, kt: 050168-4259; Guðmundur Árnason, kt: 020353-5709; Jakob Þór Kristjánsson, kt: 180365-3039; Margrét Guðmundsdóttir, kt: 300759-3199; Sigurður Bergsteinsson, kt: 030156-4719; Sigurgeir Guðjónsson, kt: 280865-3979; Skafti Ingimarsson, kt: 221071-4849; Valgerður S. Bjarnadóttir, kt: 230182-3109; Þóra Pétursdóttir, kt: 260278-5929.</p>
<p>3. gr. Stofnfé Stofnfé AkureyrarAkademíunnar er kr. 1.083.000.- og er lagt fram af Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, kt: 550606-2080. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.</p>	<p>3. gr. Stofnfé Óbreytt röð, heiti og efni. Stofnfé AkureyrarAkademíunnar er kr. 1.083.000.- og er lagt fram af Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, kt: 550606-2080. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.</p>

<p>4. gr. Starfsstefna og markmið Starfsstefna AkureyrarAkademíunnar er endurskoðuð á fjögurra ára fresti af stjórn í samræmi við eftirfarandi markmið sem eru grunnur að starfseminni:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) að vera aflvaki fræðilegra rannsókna á Norðurlandi og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðlegt samstarf, b) að reka miðstöð sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, c) að efla grunnrannsóknir á atvinnulífi, náttúruvafi, menningu og samfélagi á Norðurlandi, d) að vera vettvangur umræðu um samfélag og menningu á Norðurlandi, e) að efla samstarf einstaklinga, stofnana og atvinnulífs á Norðurlandi, með sérstakri áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun, f) að stuðla að samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila á Norðurlandi, g) að annast kennslu á háskólastigi í samstarfi við háskóla, h) að standa að fræðiritauígáfu s.s. með útgáfu bóka, tímarita um fræði og menningu og kennslubókagerð. 	<p>4. gr. Starfsstefna og markmið Óbreytt röð og heiti, breytingar gerðar á efni. Starfsstefna AkureyrarAkademíunnar er endurskoðuð á fjögurra ára fresti af stjórn í samræmi við eftirfarandi markmið sem eru grunnur að starfseminni:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðlegt samstarf, b) að reka miðstöð sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, c) að efla rannsóknir á atvinnulífi, náttúruvafi, menningu og samfélagi, d) að vera vettvangur umræðu á Norðurlandi um samfélag og menningu, e) að stuðla að samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila á Norðurlandi með sérstakri áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun.
<p>5. gr. Húsnæðismál Er nú 9. gr., óbreytt heiti og efni. Stjórn sér um að stofnunin sé í viðunandi húsnæði. Stjórn er heimilt að leigja eða kaupa húsnæði fyrir stofnunina.</p>	<p>5. gr. Fulltrúar AkAk Ný grein þar sem sameinað er efni úr 8. gr. um fulltrúaráð AkAk og 9. gr. um úrsögn og einnig bætt við nýjum ákvæðum. Einstaklingar með háskólapróf og sjálfstætt starfandi fræðimenn geta orðið fulltrúar í AkureyrarAkademíunni. Skráðir fulltrúar AkureyrarAkademíunnar eru þeir sem greiða árgjald sem ákveðið er hverju sinni á ársfundi stofnunarinnar og eru fulltrúar kynntir á ársfundi. Atkvæðisréttur allra fulltrúa er jafn. Fulltrúi sem eigi er í skilum með fjárframlag sitt í upphafi ársfundar missir atkvæðisrétt sinn þar til skil hafa verið gerð.</p>

<p>6. gr. Rannsóknir og fræðastörf Er nú 10. gr. og breytingar gerðar á heiti og efni. Stjórn er heimilt að veita utanaðkomandi fræðimönnum og áhugamönnum er sinna fræði- eða ritstörfum vinnuaðstöðu í húsnæði stofnunarinnar gegn mánaðarlegu gjaldi.</p>	<p>6. gr. Fulltrúaráð AkAk Var áður 8. gr. um fulltrúaráð AkAk og efni úr henni notað í þessa grein um fulltrúaráð AkAk. Ársfundur stofnunarinnar kýs sér sjö manna fulltrúaráð úr röðum skráðra fulltrúa, er nefnist <i>fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar</i>. Formaður fulltrúaráðsins, sem jafnframt er formaður stjórnar, er kosinn á ársfundi úr röðum fulltrúaráðsmanna, til eins árs í senn. Fulltrúaráðið kýs gjaldkera og ritara úr eigin röðum. Úrsögn úr fulltrúaráði skal vera skrifleg og sendast stjórn.</p>
<p>7. gr. Starfsmannahald Er nú 8. gr. með sama heiti og breytingar gerðar á efni hennar. Stjórn ræður verkefnisstjóra í fullt starf eða hlutastarf og ákvarðar um starf hans og kjör. Verkefnisstjóri er talsmaður stofnunarinnar, annast daglegan rekstur, fer með stjórn fjármála og annast reikningskil í umboði stjórnar. Verkefnisstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og fjár og því sem stjórn ákvarðar hverju sinni. Verkefnisstjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.</p>	<p>7.gr. Stjórn Var áður 12. gr., með sama heiti en breytt efni. Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði, formanni, gjaldkera og ritara, til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega á ársfundi. Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara. Þeir fulltrúar fulltrúaráðs, sem ekki eiga sæti í stjórn stofnunarinnar, mynda varastjórn hennar. Í fjarveru formanns tekur ritari stöðu hans. Ef stjórnarmaður hættir áður en kjörtímabili hans lýkur skal varamaður úr fulltrúaráði skipa sæti hans og ljúka kjörtímabilinu. Stjórnin fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum stofnunarinnar og setur henni reglur. Stjórnin skal halda gerðabók, en í hana skal rita skýrslu um allt það sem gerist á stjórnarfundum, almennum fulltrúaráðsfundum og ársfundum, og allar fundarsamþykktir orðréttar. Stjórnin skal halda skrá um fulltrúa í stofnuninni hverju sinni. Varamönnum í stjórn er heimilt að sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Kjörgengi til stjórnar eiga allir fulltrúar í fulltrúaráði, en þó skal þess gætt</p>

	<p>að seta þeirra í stjórn skarist ekki í veigamiklum atriðum við hagsmuni sem þeir kunna að hafa hjá öðrum rannsóknar- og fræðastofnunum.</p> <p>Stjórnarfundir skulu boðaðir með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarmaður vikur af fundi sé fjallað um málefni er varða hann persónulega eða hann á hagsmuna að gæta. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni.</p> <p>Hlutverk stjórnar er að tryggja stofnuninni viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu, og tryggja að stofnunin starfi eftir lögum. Stjórn ber að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar. Stjórn ber að sjá til þess að stjórnun sjálfseignarstofnunarinnar og meðferð fjármuna hennar sé á hverjum tíma í réttu og góðu horfi og í samræmi við skipulagsskrá. Stjórn er í forsvari fyrir sjálfseignarstofnunina, hefur heimild til að skuldbinda hana út á við og veita öðrum umboð í samræmi við ákvæði skipulagsskrár.</p>
<p>8. gr. Fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar Er nú 6. gr., óbreytt heiti en breytingar gerðar á efni. Skráðir fulltrúar AkureyrarAkademíunnar kjósa sér sjö manna fulltrúaráð er nefnist <i>fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar</i>. Formaður fulltrúaráðsins, sem jafnframt er formaður stjórnar stofnunarinnar, er kosinn á ársfundi úr röðum fulltrúaráðsmanna, til eins árs í senn. Fulltrúaráðið kýs gjaldkera og ritara úr eigin röðum.</p> <p>Fræðimenn sem hafa lokið háskólaprófi og áhugamenn sem sinna fræði- eða ritstörfum, og eru fulltrúar í AkureyrarAkademíunni, geta gefið kost á sér í fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar. Nýir fulltrúar eru teknir inn á ársfundi. Fulltrúar greiða árlegt fjárframlag sem</p>	<p>8.gr. Starfsmannahald Var áður 7. gr., heiti óbreytt en breytt efni. Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar um starf hans og kjör. Framkvæmdastjóri er talsmaður stofnunarinnar, annast daglegan rekstur, fer með stjórn fjármála og annast reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og fjár og því sem stjórn ákvarðar hverju sinni. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.</p>

<p>ársfundur ákveður hverju sinni. Atkvæðisréttur allra fulltrúa er jafn. Fulltrúi sem eigi er í skilum með fjárframlag sitt í upphafi ársfundar missir atkvæðisrétt sinn þar til skil hafa verið gerð.</p>	
<p>9. gr. Úrsögn Er nú hluti af 6. gr. um fulltrúaráð AkAk. Úrsögn úr fulltrúaráði skal vera skrifleg og sendast stjórn.</p>	<p>9.gr. Húsnæðismál Var áður 5. gr., óbreytt heiti og efni. Stjórn sér um að stofnunin sé í viðunandi húsnæði. Stjórn er heimilt að leigja eða kaupa húsnæði fyrir stofnunina.</p>
<p>10. gr. Fundahöld og atkvæðagreiðslur Er nú 11. gr., breytt heiti en óbreytt efni. Ársfund skal halda að vori ár hvert. Til hans skal boðað með sannanlegum hætti með eigi skemmri fyrirvara en 14 dögum. Ársfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og a.m.k. 7 fulltrúar úr fulltrúaráði með lögheimili á Norðurlandi sækja fundinn. Verði ársfundur ólögmætur vegna ónógrar fundarsóknar skal stjórn boða til framhaldsársfundar innan 30 daga með 14 daga fyrirvara. Framhaldsársfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar. Til almennra funda skal stjórn boða þegar henni þykir ástæða til. Skal boða til slíkra funda með minnst sjö daga fyrirvara. Krefjist 3/7 hlutar aðila úr fulltrúaráði almenns fundar og tilgreini fundarefni í skriflegum tilmælum til stjórnar, þá skal stjórnin boða til slíks fundar innan 14 daga. Verði stjórnin eigi við tilmælum innan þess frests geta þeir er fundar óskuðu sjálfir boðað fund og skal þeim veittur aðgangur að skrá yfir aðila í fulltrúaráði. Samþykktum á almennum fundum getur stjórn stofnunarinnar vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta ársfundi, ef hún telur þær skerða heildarhagsmuni stofnunarinnar eða víkja um of frá markaðri stefnu.</p>	<p>10. gr. Útleiga á vinnuaðstöðu Var áður 6. gr., breytingar á heiti og efni. Stjórn leigir út vinnuaðstöðu fyrir nema í meistara- og doktorsnámi og sjálfstætt starfandi fræðimenn. Gerður er skriflegur leigusamningur við leigutaka þar sem meðal annars er kveðið á um þjónustu AkureyrarAkademíunnar og réttindi og skyldur leigutaka. Stjórn ákveður mánaðarlegt gjald fyrir vinnuaðstöðu.</p>

<p>11. gr. Dagskrá ársfundar Er nú 12. gr., óbreytt heiti en breytingar á efni. Á ársfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Skýrsla stjórnar. 2. Endurskoðun reikninga. 3. Upptalning nýrra fulltrúa. 4. Kjör formanns og fulltrúaráðs. 5. Fjárhagsáætlun og árgjald. 6. Breytingar á skipulagsskrá. 7. Önnur mál. 	<p>11. gr. Fundir Var áður 10. gr., breytt heiti en óbreytt efni. Ársfund skal halda að vori ár hvert. Til hans skal boðað með sannanlegum hætti með eigi skemmri fyrirvara en 14 dögum. Ársfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og a.m.k. 7 fulltrúar úr fulltrúaráði með lögheimili á Norðurlandi sækja fundinn. Verði ársfundur ólögmætur vegna ónógrar fundarsóknar skal stjórn boða til framhaldsársfundar innan 30 daga með 14 daga fyrirvara. Framhaldsársfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar. Til almennra funda skal stjórn boða þegar henni þykir ástæða til. Skal boða til slíkra funda með minnst sjö daga fyrirvara. Krefjist 3/7 hlutar aðila úr fulltrúaráði almenns fundar og tilgreini fundarefni í skriflegum tilmælum til stjórnar, þá skal stjórnin boða til slíks fundar innan 14 daga. Verði stjórnin eigi við tilmælum innan þess frests geta þeir er fundar óskuðu sjálfir boðað fund og skal þeim veittur aðgangur að skrá yfir aðila í fulltrúaráði. Samþykktum á almennum fundum getur stjórn stofnunarinnar vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta ársfundi, ef hún telur þær skerða heildarhagsmuni stofnunarinnar eða víkja um of frá markaðri stefnu.</p>
<p>12. gr. Stjórn Er nú 7. gr., sama heiti en breytingar á efni. Ársfundur stofnunarinnar kýs sér sjö manna fulltrúaráð úr röðum skráðra fulltrúa. Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði, formanni, gjaldkera og ritara, til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega á ársfundi. Fulltrúarráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara. Þeir fulltrúar fulltrúaráðs, sem ekki eiga sæti í stjórn stofnunarinnar, mynda varastjórn hennar. Í fjarveru formanns tekur ritari stöðu hans. Ef stjórnarmaður hættir áður en kjörtímabili</p>	<p>12. gr. Dagskrá ársfundar Var 11. gr., óbreytt heiti en breytingar á efni. Á ársfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Skýrsla stjórnar. 2. Endurskoðun reikninga. 3. Upptalning fulltrúa. 4. Kjör formanns og fulltrúaráðs. 5. Fjárhagsáætlun og árgjald. 6. Breytingar á skipulagsskrá. 7. Önnur mál.

hans lýkur skal varamaður úr fulltrúaráði skipa sæti hans og ljúka kjörtímabilinu.

Stjórnin fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum stofnunarinnar og setur henni reglur.

Stjórnin skal halda gerðabók, en í hana skal rita skýrslu um allt það sem gerist á stjórnarfundum, almennum fulltrúaráðsfundum og ársfundum, og allar fundarsamþykktir orðréttar.

Stjórnin skal halda skrá um fulltrúa í stofnuninni hverju sinni.

Varamönnum í stjórn er heimilt að sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Kjörgengi til stjórnar eiga allir fulltrúar í fulltrúaráði, en þó skal þess gætt að seta þeirra í stjórn skarist ekki í veigamiklum atriðum við hagsmuni sem þeir kunna að hafa hjá öðrum rannsóknar- og fræðastofnunum.

Stjórnarfundir skulu boðaðir með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarmaður vísar af fundi sé fjallað um málefni er varða hann persónulega eða hann á hagsmuna að gæta. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni.

Hlutverk stjórnar er að tryggja stofnuninni viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu, og tryggja að stofnunin starfi eftir lögum. Stjórn ber að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar. Stjórn ber að sjá til þess að stjórnun sjálfseignarstofnunarinnar og meðferð fjármuna hennar sé á hverjum tíma í réttu og góðu horfi og í samræmi við skipulagsskrá. Stjórn er í forsvari fyrir sjálfseignarstofnunina, hefur heimild til að skuldbinda hana út á við og veita öðrum

<p>umboð í samræmi við ákvæði skipulagsskrár.</p>	
<p>13. gr. Fjármál Fjármagna skal allan rekstur stofnunarinnar með virðulegum hætti. Stjórn og starfsfólk tryggir fjármögnun stofnunarinnar. Tekjur stofnunarinnar, auk vaxta af stofnframlagi, eru eftirfarandi: Opinber framlög, leigutekjur af húsnæði, tekjur fyrir þjónustu, framlög aðila samkvæmt samningum, framlög fyrirtækja og samtaka, tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi, styrkir og aðrar sértekjur. Tekjum og eignum stofnunarinnar skal eingöngu varið í hverjum þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum hennar að fengnu samþykki stjórnar.</p>	<p>13. gr. Fjármál Óbreytt röð og heiti, breytingar á efni. Stjórn og starfsfólk tryggir fjármögnun stofnunarinnar. Tekjur stofnunarinnar, auk vaxta af stofnframlagi, eru eftirfarandi: Opinber framlög, leigutekjur af húsnæði, tekjur fyrir þjónustu, framlög aðila samkvæmt samningum, framlög fyrirtækja og samtaka, tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi, styrkir og aðrar sértekjur. Tekjum og eignum stofnunarinnar skal eingöngu varið í hverjum þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum hennar að fengnu samþykki stjórnar.</p>
<p>14. gr. Endurskoðun reikninga Stjórn ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga stofnunarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Verkefnisstjóri skal fyrir 1. desember ár hvert leggja rekstraráætlun næsta árs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal einnig sjá um að endurskoðaður ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.</p>	<p>14. gr. Endurskoðun reikninga Óbreytt röð og heiti, breytingar á efni. Stjórn ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga stofnunarinnar. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Framkvæmdastjóri skal fyrir 1. desember ár hvert leggja rekstraráætlun næsta árs fyrir stjórn til afgreiðslu. Hann skal einnig sjá um að endurskoðaður ársreikningur berist Ríkisendurskoðun og stjórnvöldum með tilskildum hætti eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.</p>
<p>15. gr. Breytingar á skipulagsskrá Stjórn skal senda tillögur að breytingum á skipulagsskrá með fundarboði til ársfundar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.</p>	<p>15. gr. Breytingar á skipulagsskrá Óbreytt röð og heiti, breytingar á efni. Stjórn skal senda tillögur að breytingum á skipulagsskrá með fundarboði til ársfundar. Breytingar skal samþykkja á ársfundi með 2/3 hluta atkvæða.</p>

<p>16. gr. Slit sjálfseignarstofnunar Verði starfsemi stofnunarinnar lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar eða skyldra markmiða. Starfsemi fulltrúaráðs og stofnunarinnar verður því aðeins lögð niður að tillaga þar að lútandi sé kynnt í fundarboði að ársfundi og samþykkt með atkvæðum 4/5 hluta atkvæðisbærra aðila úr fulltrúaráði. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.</p>	<p>16. gr. Slit sjálfseignarstofnunar Óbreytt röð og heiti, breytingar á efni. Verði starfsemi stofnunarinnar lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar eða skyldra markmiða. Starfsemi fulltrúaráðs og stofnunarinnar verður því aðeins lögð niður að tillaga þar að lútandi sé kynnt í fundarboði að ársfundi og samþykkt með atkvæðum 4/5 hluta atkvæðisbærra aðila úr fulltrúaráði.</p>
<p>17. gr. Staðfesting á skipulagsskrá Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.</p> <p>Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.</p> <p><i>F.h. sýslumanns á Sauðárkróki - dagsetning og ár.</i></p>	<p>17. gr. Staðfesting á skipulagsskrá Óbreytt röð, heiti og efni. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.</p> <p>Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.</p> <p><i>F.h. sýslumanns á Sauðárkróki - dagsetning og ár.</i></p>

7. Önnur mál

a. Starfsstefna AkAk/starfsáætlun samkvæmt skipulagsskrá AkAk.

Gerð var grein fyrir því að í 4. gr. skipulagsskrár AkAk er kveðið á um að endurskoða eigi starfsstefnu stofnunarinnar á fjögurra ára fresti. Borið var undir fundinn hvernig ætti að standa að gerð starfsstefnu sem ekki væri til.

- Lagt var til að hefja vinnuna 15. ágúst 2020 og að stjórn og framkvæmdastjóri hefji hana fyrst og kynni síðan hugmyndir fyrir fulltrúum.
- Rætt var um eitt af stefnumiðum Akademiunnar: *Hvernig ætlum við að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra?* Rætt var um að byrja mætti á því að senda spurninguna til fulltrúa AkAk og boða því næst til fundar með þeim sem áhuga hefðu að ræða hana og fjalla um leiðir til að ná þessu markmiði.
- Rætt var um meiri sýnileika og leiðir til að vera aflvakar rannsókna og þessi umræða tengd mögulegu samstarfi við HA sem er með pod-cast. Bent var á að fyrir nokkrum árum kom fram hugmynd í Akademíunni um útgáfu vefrits „Visindi á mannamáli“.
- Ein hugmynd sem hlaut mikinn stuðning í þessum umræðum var að opna fésbókarsíðuna fyrir öllum fulltrúum AkAk þannig að þeir væru inni í því sem verið væri að gera og verði jafnvel virkir þátttakendur.
- Tillaga kom fram um að kynna betur stofnunina, bjóða í opið hús og kynna starfsemina og lagt var til að bjóða ákveðum hópum í heimsókn og fara í heimsóknir til ýmissa aðila, t.d. á vinnustaði fulltrúa AkAk sem gætu jafnvel tekið á móti okkur í spjall, eða að leita til þeirra um að vera tengiliðir AkAk við ýmsa aðila. Einnig mætti

útbúa kynningarefni um AkAk til að nota í opna fundi og kynningarheimsóknir út í bæ.

- Einnig var stungið upp á skilti sem sýnir hvar Akademían er staðsett og að koma fyrir færanlegu skilrími í alrými húsnæðisins með upplýsingum úr rannsóknum fulltrúa Akademíunnar.
- Rætt var um mikilvægi þess að auglýsa vinnuaðstöðuna í AkAk og fá inn fleiri fulltrúa.

b. Mánaðarlegir súpufundir fulltrúa AkAk.

Það hefur gefist vel síðastliðin ár að vera með mánaðarlega súpufundi þar sem hver innanhússfulltrúi býður upp á súpu og fjallað er um ýmis málefni sem koma stofnuninni við og utanhússfulltrúum boðið að koma. Fulltrúar sammála um að taka þetta skipulag upp að nýju með haustinu.

c. Vorferð fulltrúa

Ákveðið var að fara í vorferð 25. júní.

Ekki var fleira rætt og sleit fundarstjóri fundi kl. 22:00.
Fundarritari Bergljót Þrastardóttir.